

# Stofnanasamningur

## milli Starfsgreinasambands Íslands annars vegar og Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs hins vegar um forsendur röðunar starfa við stofnunina

### 1. Inngangur

Við gerð stofnanasamnings þessa var tekið mið af stefnu stofnananna, markmiðum og gildum með það að leiðarljósi að samningurinn sé gegnsær og skiljanlegur starfsfólki. Gagnkvæmt traust á milli starfsmanna og stjórnenda stofnana er mikilvægt og er það sameiginlegt markmið samningsaðila að það endurspeglit í framkvæmd samningsins með auknum gæðum í þjónustu, skilvirkara starfi og ánægðu starfsfólki.

### 2. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra starfsmanna hjá Vatnajökulspjóðgarði og Umhverfisstofnun sem njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

### 3. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um að stefna beri að því að launakerfið uppfylli gagnkvæmar þarfir og væntingar stofnana og starfsmanna og hafa í því skyni sett sér eftirfarandi markmið:

- Að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- Að launakerfið sé gagnsætt, samræmt og byggt á hlutlægum viðmiðum.
- Að launakerfið auðveldi stofnununum að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnununum er ætlað að sinna.
- Að launakerfið nýtist sem stjórn tæki til að ná fram markmiðum stofnananna
- Að umbuna vegna sérstaks árangurs í starfi

### 4. Starfaskilgreiningar og röðun starfa í launaflokka

#### 4.1 Almenn atriði

Starfsmenn starfa í þjóðgörðum, á friðlýstum svæðum eða öðrum svæðum sbr. heimildarákvæði 5. ml. 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er varðar Umhverfisstofnun. Starfsmenn sem vinna við almenn störf, við landvörslu á láglandi og hálandi starfa undir stjórn skilgreinds aðila innan stofnunar.

Röðun starfa í launaflokka byggist á starfslýsingum og skal fara fram með hlutlægum hætti. Við grunnröðun er miðað við að starf eða meirihluti þess falli að skilgreiningu starfsheitis.

US  
1  
KCC  
R

## 4.2 Starfaheiti og grunnröðun

### Yfirlandvörður

Yfirlandvörður skipuleggur, forgangsraðar og stýrir verkefnum landvarða og eftir atvikum annara starfsmanna í samráði við næsta yfirmann. Hann miðlar upplýsingum og sinnir fræðslu til gesta friðlýstra svæða, annast daglegan rekstur og umsjón eftir atvikum í samræmi við skipulag og vinnulýsingu og fylgir eftir stjórnunar- og verndaráætlun. Starf landvarða felst m.a. í að fylgjast með að hvorki séu brotin ákvæði friðlýsingar svæðis né lög um náttúruvernd upplýsingagjöf og fl.

### Landvörður

Landvörður miðlar upplýsingum og sinnir fræðslu til gesta friðlýstra svæða. Hann annast daglegan rekstur og umsjón eftir atvikum í samræmi við skipulag og vinnulýsingu og fylgir eftir stjórnunar- og verndaráætlun. Starf landvarða felst m.a. í að fylgjast með að hvorki séu brotin ákvæði friðlýsingar svæðis né lög um náttúruvernd. Sér um vöktun á náttúrufari/öryggismálum m.t.t. innviða, upplýsingagjöf ofl.

### Þjónustufulltrúi

Afgreiðsla, umsjón, almenn upplýsingagjöf, þrif og eftirlit í og við gestastofu. Einnig daglegt uppgjör tekna og almenn umsjón með verslun.

### Starfsfólk í eldhúsi/sal

Framreiðsla, afgreiðsla, þrif á sal, uppvas og matreiðsla ýmiskonar, vörumóttaka og önnur tilfallandi störf innan veitingasölu.

### Verkamaður/tjaldvörður

Almenn verkamannastörf, umsjón tjaldsvæðis, létt viðhald, þrif o.fl. undir stjórn yfirmanns.

### Grunnröðun launa skal vera svo:

<i>Starfsheiti</i>	<i>Launaflokkur</i>
Yfirlandvörður	18
Landvörður	16
Þjónustufulltrúi	10
Starfsfólk í eldhúsi/sal	9
Verkamaður/tjaldvörður	7

## 5. Viðbótarforsendur við grunnröðun

### 5.1 Landvarðarréttindi

Starfsmaður sem hefur lokið landvarðarnámskeiði hjá viðurkenndum aðilum og hlotið réttindi til þess að starfa sem landvörður skal fá það metið til 2 launaflokka.

### 5.2 Árangur í starfi og starfsreynsla

Starfsmenn sem ráðnir eru ótímabundnum ráðningarsamningi skulu eiga rétt á starfsmannasamtali á reynslutíma / árangursmati eftir þriggja mánaða starf og starfsmannasamtali einu sinni á ári eftir það hjá sínum næsta yfirmanni. Starfsmenn í tímabundnum störfum skulu eiga rétt á endurgjafarsamtali í lok starfstímabils og eigi

sjaldnar en árlega sé um samfellda ráðningu að ræða. Í samtölunum er m.a. lagt mat á árangur í starfi sbr. fylgiskjal 2.

Landvörður/starfsmaður, sem öðlast hefur starfsreynslu og sýnt árangur í starfi skv. mati hjá þeim stofnunum sem aðild eiga að samningnum skal hækka um launaflokka sem hér segir:

Eftir 3 mánuði eða samtals 12 vikna starf	1 launaflokkur
Eftir 6 mánuði í starfi eða samtals 24 vikna starf	1 launaflokkur
Eftir 1 ár í starfi eða samtals 52 vikna starf	1 launaflokkur
Eftir 2 ár í starfi eða samtals 104 vikur	1 launaflokkur

Heimilt er að hækka starfsmann um allt að 3 launaflokka hafi hann sýnt framúrskarandi árangur í starfi á lengri tíma en að ofan greinir.

### 5.3 Iðn- eða háskólamenntun

Formleg menntun sem nýtist í starfi skal metin með eftirfarandi hætti:

- Háskólapróf 1 launaflokkur
- Sveinspróf / meistarapróf í iðnmenntun 1 launaflokkur

### 5.4 Sérstök ábyrgð í starfi

Landvörður sem starfar á einn á svæði/svæðum skal fá það metið til 1 launflokks enda starfi hann ekki undir daglegri leiðsögn sérfræðings.

### 5.5 Starfsnám, sí- og endurmenntun

Landvörður/þjónustufulltrúi sem lokið hefur starfsmenntun sem viðurkennd er af samningsaðilum eða starfsmenntun / námskeiðum sem nýtast í starfi, skulu fá það metið til launa samkvæmt eftirfarandi, að hámarki um 2 launaflokka.

- Fullgildur meðlimur í björgunarsveit 1 launaflokkur
- Áfallahjálp 1 launaflokkur
- Leiðsögunám 1 launaflokkur
- Nám í heilbrigðisgreinum 1 launaflokkur
- Ferðamálafræði á framhaldsskólastigi 1 launaflokkur
- Starfsmenntanám frá LBHÍ eða sambærilegt 1 launaflokkur
- Færni í ferðaþjónustu I-II 1 launaflokkur
- Endurmenntunarnám fyrir landverði 1 launaflokkur
- Aukin tungumálaþekking umfram íslensku og ensku 1 launaflokkur
- Próf til aukinna ökuréttinda enda nýtast þau í starfi 1 launaflokkur
- Vinnuvélapróf enda nýtist það í starfi 1 launaflokkur

Starfsfólk í eldhúsi/sal eða verkamaður/tjaldvörður sem lokið hefur starfsmenntun sem viðurkennd er af samningsaðilum eða starfsmenntun / námskeiðum sem nýtast í starfi, skal fá það metið til launa samkvæmt eftirfarandi, að hámarki um 2 launaflokka.

- Skyndihjálp og/eða er fullgildur meðlimur í björgunarsveit 1 launaflokkur
- Áfallahjálp 1 launaflokkur
- Færni í ferðaþjónustu I-II 1 launaflokkur
- Nám í matartækni, matreiðslu- eða framreiðslu 1 launaflokkur

US 3 SV  
KIC B

- Aukin tungumálaþekking umfram 2 (íslensku/ensku) tungumál 1 launaflokkur
- Próf til aukinna ökuréttinda enda nýtast þau í starfi 1 launaflokkur
- Vinnuvélapróf enda nýtist það í starfi 1 launaflokkur

Að jafnaði skal ekki meta endurmenntun eða námskeið sem er eldra en 10 ára ef landvörður/starfsmaður hefur ekki nýtt þá þekkingu í starfi undanfarin 5 ár.

## 5.6 Tímabundnir þættir

Heimilt er að greiða starfsmanni sérstök viðbótarlaun vegna sérstaks tímabundins álags; s.s. vegna náttúruhamfara skv. grein 1.8 í kjarasamningi.

## 6. Ferðakostnaður

Stofnun greiðir fyrir ferðir við upphaf starfstíma og við lok hans. Þegar starfsmaður fer í frí á ráðningartíma til og frá ráðningarstað telst sá ferðatími til vinnutíma samkvæmt vinnutímafyrirkomulagi á viðkomandi ráðningarstað. Eftirfarandi gildir um ferðir:

Ráðningartími 3 - 4 vikur	Ferð í upphafi og lok + 1 ferð í frí
Ráðningartími 5 - 8 vikur	Ferð í upphafi og lok + 2 ferðir í frí
Ráðningartími 9 - 12 vikur	Ferð í upphafi og lok + 3 ferðir í frí
Ráðningartími 13 - 16 vikur	Ferð í upphafi og lok + 4 ferðir í frí
Ráðningartími 17 - 20 vikur	Ferð í upphafi og lok + 5 ferðir í frí

Ef um lengra tímabil er um að ræða skal semja sérstaklega um greiðslu ferðakostnaðar.

## 7. Fæði

Fæðisfé skal greitt í samræmi við 3.4.4. gr. í kjarasamningi

## 8. Vinnuklæðnaður

Landvörður fær afhent vinnuföt vegna starfsins. Þau eru eign viðkomandi stofnunar og skulu bera glögg einkenni hennar og starfsheiti starfsmanns. Fatnaðinum ber að skila við starfslok.

Fyrir 8 vikna starf öðlast landvörður rétt á skóstyrk. Skóstyrkinn fær landvörður greiddan gegn framlögðum reikningi. Endurgreiddar eru allt að kr. 14.200,- vegna skófatnaðar. Greitt skal hlutfallslega fyrir styttri vinnutímabil. Allir reikningar fyrir árið skulu berast eigi síðar en 1 mánuði eftir starfslok.

## 9. Ágreiningsmál

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. 11. gr kjarasamnings.

Handwritten notes and initials in blue ink, including "KKA", "KIC", "SV", "4", "US", and "B".

## 10. Ákvæði um endurskoðun


Samning þennan skal endurskoða ef þörf er á eða annar hvor aðili óskar þess.

## 11. Gildistaka


Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2017.

Reykjavík, 16. maí 2017


f.h. Umhverfisstofnunar

  
Kristin Kalkausdóttir  
Sigrún Táljandóttir

f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs

  
Guðrún Þórsdóttir

f.h. Starfsgreinasambands Íslands

  
Inga Sveinbjörnsdóttir

## Fylgiskjal 1 með stofnanasamningi dags. 16. maí 2017

### Launaákvörðunarferli

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað, getur hann óskað eftir endurmati á launaröðun. Slík beiðni skal berast skriflega til mannauðsstjóra Umhverfisstofnunar / Þjóðgarðsvarðar í Vatnajökulsþjóðgarði. Skal hún rökstudd með vísan í þá þætti sem koma fram í stofnanasamningi.

## Fylgiskjal 2 með stofnanasamningi dags. 16. maí 2017

### Mat á árangri í starfi

Næsti yfirmaður metur starfsmann í tímabundnu starfi að loknu starfstímabili. Frammistaða / árangur er rædd við starfsmann og gefin endurgjöf.

Matsþættir	Matskvarðar					Rökstuðningur
Almenn frammistaða	1	2	3	4	5	
Klárar verkefni innan settra tímamarka	1	2	3	4	5	
Fylgir leiðbeiningum og verklagsreglum	1	2	3	4	5	
Nýtir þekkingu/reynslu vel í starfi	1	2	3	4	5	
Býr yfir góðri verkþekkingu	1	2	3	4	5	
Býr yfir útsjónarsemi og/eða áræðni	1	2	3	4	5	
Samskipti við viðskiptavini	1	2	3	4	5	
Samskipti við samstarfsfólk	1	2	3	4	5	
Samskipti í sambúð (á vinnustað)	1	2	3	4	5	
Sveigjanleiki (t.d. tilbúin(n) að breyta forgangsroðun	1	2	3	4	5	
Er lausnamiðuð (-miðaður)	1	2	3	4	5	
Jákvæðni	1	2	3	4	5	

\*1= Nýliði; 2= Nokkuð góð tök en þyrfti að bæta; 3= Gott en mætti etv. bæta; 4= Mjög gott; 5= Framúrskarandi

Árangursmat fer fram í fyrsta skipti við lok fyrsta ráðningartímabils en eigi síðar en eftir 6 mánuði þegar um lengri ráðningartímabil er að ræða.

Starfsmaður getur hækkað að hámarki um 3 launaflokka:

Starfsmaður getur hækkað um 1 launaflokk fyrir 40 stig

Starfsmaður getur hækkað um 1 launaflokk til viðbótar fyrir 50 stig

Starfsmaður getur hækkað um 1 launaflokk til viðbótar fyrir 55 stig

Handwritten notes and initials:   
UK  
RE  
SV  
KK  
6  
B

## Bókun 1 með stofnanasamningi dags. 16. maí 2017

Það starfsfólk sem starfar í óbyggðum fær greidda eina einingu í dagpeninga hvern unnin dag í stað fæðisfés.

Óbyggðir eru samkvæmt skilgreiningu 18. tl. 5. gr. laga nr. 60/2013 : *Landssvæði þar sem fólk hefur ekki fasta búsetu og þar sem mannvirki eru ekki til staðar eða eru lítt áberandi.*

## Bókun 2 með stofnanasamningi dags. 16. maí 2017

Stofnanirnar munu gæta þess að starfsfólk sem hefur starfað hjá þeim fyrir gildistöku samnings þessa lækki ekki í launum m.v. áður greidda dagvinnu + dagpeninga við yfirfærslu dagpeninga í launaflokka að meðtöldu fæðisfé (sólarlagsákvæði).

US  
7  
B  
KK  
KK  
SV

